

Trans Ísland, félag trans fólks á Íslandi

Reykjavík, 04.04.2022

Kt. 4911070650

Suðurgata 3, 101 Reykjavík

Umsögn: Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2022 - 2025, 415. mál

Trans Ísland fagnar því að komin sé framkvæmdaáætlun hjá stjórnvöldum um málefni hinsegin fólks og telur það mikilvægt til að tryggja jöfn réttindi hinsegin fólks. Við þökkum fyrir að vera höfð í huga við vinnu nefndarinnar. Við setjum hér fyrir neðan athugasemdir við einstakar greinar.

Grein nr. 6. Í íþróttastarfi barna og ungmenna þarf sérstaklega að huga að aðstæðum trans barna og ungmenna og að gætt sé að því að þau hafi aðgang að búningasklefum sem samsvara þeirra kynvitund. Aðgengi trans barna og ungmenna að íþróttum þarf að vera tryggt og koma þarf til móts við kynsegin börn og ungmenni svo þau neyðist ekki til að velja á milli kynjaðra rýma, en það leiðir til brottfalls þeirra úr íþróttum.

Grein nr. 11. Trans Ísland fagnar því að stefnt sé að úttekt á aðgengismálum trans fólks og að samræma eigi reglugerðir um aðgengi í almenningsrýmum og á vinnustöðum. Það þarf að hafa til hliðsjónar að þar sem kynjuð rými eru til staðar þarf einnig að vera valkostur á ókynjuðu rými fyrir það trans fólk sem skilgreinir sig utan tvíhyggjunnar eða upplifir sig ekki öruggt innan kynjaðra rýma.

Grein 16. Trans Ísland telur það ekki nægja eitt og sér að trans teymin, bæði á BUGL og LSH, setji sér verklagsreglur sem verði samþykktar. Þörf er á auknu fjármagni til teymanna sem og frekari mönnun, en biðlistar á báðum stöðum hafa lengst á undanförunum árum og er staðan óviðunandi. Þörf er á inngrípum sem stytta biðlistana sem hafa myndast. Stöðnun er í skurðstofutímum fyrir trans fólk á Landspítalanum sem er óásættanlegt og þurfa þær aðgerðir að fá fastan tíma á LSH svo hægt sé að vinna upp þá löngu biðlista sem hafa myndast. Þörf er á auknu starfshlutfalli hjá trans teyminu á BUGL þar sem ekki er nægt mannafl til staðar til að taka á móti ungmennunum sem þurfa á þjónustu þess að halda. Nauðsynlegt er að trans börn og unglíngar fái strax þá þjónustu sem teymið veitir enda er þetta viðkvæmur hópur sem þarf að koma til móts við á þeirra forsendum.

Virðingarfyllst, f. hönd Trans Íslands,

Ólöf Bjarki Antons,

Varaformaður Trans Íslands